

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um skýrslur um almennt ástand. 12
(Ágrip). — Með brjefum þessum var lagt fyrir báða amtmenn að hætta að heimta 13. jan.
skýrslur þær um hið almenna ástand, sem sýslumönnum hefur verið gjört að
skyldu að senda árlega samkvæmt tollkammer-umburðarbrjefi 18. jan. 1777 og
rentukammer-umburðarbrjefi 28. sept. 1816, með því að eigi yrði annað sjeð, en
að skýrslur þessar væru nú orðnar óþarfar og gagnslaugar.

Brjef landshöfðingja til biskups um niðurlagning kirkju. — Eptir að hafa 13
fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 16. f. m. og þar með fylgjandi 13. jan.
skjöl, vil jeg hjer með samkvæmt 4. gr. laga nr. 3, 27. febr. 1880, samþykkja:

1. Að Hjörtseyjarkirkja í Mýraprófastsdæmi verði lögð niður, þannig, að eig-
endur Hjörtseyjar haldi áfram að greiða sóknarprestinum prestsmötugjald,
12 fjórðunga smjörs árlega, eins og hingað til, og afhendi kirkjuhúsið með
skrúða og áhöldum, svo og 3 hundruð í geldsauðum, sem kirkjan á, en haldi
að öðru leyti eigninni, sem kirkjan nú stendur á, sem sinni frjálsri og óháðri
eign, allt samkvæmt samningi 27. júní f. á.
2. Að Hjörtseyjarsókn verði sameinuð Akrasókn, þannig, að eigandi þeirrar
kirkju taki við Hjörtseyjarkirkju og því, sem henni á að fylgja, en skuld-
bindi sig til að stækka svo kirkju sína, að hún fullnægi þörfum hins sam-
einaða safnaðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbein-
ingar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um 14
verzlunarskýrslur. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 17. nóv. síðastl., hafið þjer, herra 13. jan.
sýslumaður, spurzt fyrir um það, hvort í brjefi mínu um hið nýja fyrirkomulag
á verzlunarskýrslum, dags. 24. okt. f. á., sje einnig átt við þau tilfelli, er ein-
stakir menn fá vörur beint fra útlöndum, án milligöngu nokkurrar verzlunar,
svo sem pappír, ofna, eldavjelar og annað, til eigin notkunar en ekki verzlunar.
Út at þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með orðum þeim, er þjer
tilfærið úr nefndu brjefi mínu er átt við hið sama sem ákveðið er í 5. gr. laga
um hagfræðisskýrslur 8. nóv. f. á., þar sem eigi að eins forstöðumönnum fastra
verzlana, lausakaupmönnum, þar með töldum hrossakaupmönnum og fjárkaup-
mönnum svo og forstöðumönnum kaupfjelaga og pöntunarfjelaga, er lögð sú
skylda á herðar, að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje skýrslur um vöru-
flutninga til landsins og frá því, heldur einnig hverjum þeim, sem vörur kaupir
eða vörukaup annast frá útlöndum eða sem selur vöru eða sölu annast til út-
landa. Það er þannig ljóst, að skýrslu ber að gefa þó að að eins sje að ræða
um vörupöntun til eigin þarfa; en það er hvort tveggja, að slíkar vörupantanir
einstakra manna nema eigi miklu, og ganga optast gegnum einhverja verzlun
eða umboðsmenn og komast þannig í skýrslur, enda verður ekki heimtað að
sýslumenn gjöri sjerstakar ráðstafanir til, að grennslast eptir slíku, fyrr en gefin
verður út reglugjörð samkvæmt 2. gr. ofanefndra laga, þar sem ákvæði munu
verða sett um þetta atriði.